

## Fundargerð samráðsnefndar um stafræna þjónustu ríkis, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga (Sambandsins)

Dags. 24.08.2022, kl. 15:00 – 4.fundur

Mætt á fundinn:

Einar G. Thoroddsen, Fjóla María Ágústsdóttir, Óskar Sandholt, Íris Huld Christersdóttir, Karen M. Jónsdóttir, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Kortlagning verkefna
  - a. búið er að koma upp sameiginlegu Sharepoint vefsvæði
  - b. hópurinn hefur byrjað að stilla upp aðgerðum / verkefnum sem snerta opinbera aðila þvert á stjórnsýslustig

Landsþing Sambandsins verður haldinn í lok september og markmiðið er að koma stafrænu málunum á dagskrá, sérstaklega fyrir nýja sveitarstjórnarmenn.

Kortlagningu verkefna er að mestu lokið. Bent var á að taka endanlega til í listanum með áherslu á raunverulega snertifleti milli stjórnsýslustiga.

Umræða um hópa sem hægt væri að þjónusta betur og hlusta á þeirra þarfir:

- Innflytjendur og flóttamenn
- Eldri borgarar, öryrkjar og þau sem hafa skertan þroska

Tækifæri að rýna listann betur til snertifleta og raunverulegra verkefna.

*Samþykkt var að hópurinn myndi rýna innan sinnar vébanda raunveruleg verkefni sem snerta bæði stjórnsýslustigin og að önnur ráðuneyti verður kölluð á fund nefndarinnar til að vinna að þeirri kortlagningu, a.m.k. stórra mikilvægra ferla. Miðað er við að slíkur fundur fari fram í október.*

### 3. Verkefni með sameiginlega snertifleti milli stjórnsýslustiga

Fjóla María kynnti sömuleiðis verkefni sem Sambandið vinnur að sem hafa sömu eiginleika og áherslur og hlutverk Sambandsins.

- Stefnumótun um stafræna umbreytingu
- Notendavænni þjónusta við íbúa
- Nútímalegri tæknilegir innviðir sveitarfélaga
- Tæknilegur stuðningur við sveitarfélög
- Sjá jafnframt verkefni í meðfylgjandi kynningu.

Áframhaldandi samtal við Stafrænt Ísland og aðra aðila er nauðsynlegt.

Leiðbeiningar um opinber innkaup og læsta stöðu aðila gagnvart birgjum er mikil þörf á.

Ekki gafst tími til að fara yfir kynningu Stafræns Íslands og henni frestað fram til næsta fundar.

### 4. Samráði við öryggisflokkun gagna ríkisins lauk þann 19.ágúst 2022.

Fimm umsagnir bárust og verður unnið úr þeim í framhaldinu. Sveitarfélögum er frjálst að vinna með sömu flokkun og ríkisaðilar. Búast má við að flokkunin verði birt opinberlega á næstu vikum.

#### **5. Mál á þingmálaskrá – lög um tæknilega innviði ríkisins**

FJR hefur sett mál á þingmálaskrá varðandi lög um tæknilega innviði ríkisins. Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja skýra ábyrgð á sameiginlegum tæknilegum innviðum ríkisins og útfæra einstaka þætti í högun, stjórnskipan o.fl.

Næsti fundur bókaður 13.9.2022 kl. 15:00.

Annað var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:00.